

Hverfisnefnd Lunda- og Gerðahverfis

3. fundur

Þriðji fundur hverfisnefndar Lunda- og Gerðahverfis var haldinn í Lundarskóla þriðjudaginn 11. apríl 2006 og hófst klukkan 20.00

Mættir voru:

Sædís Gunnarsdóttir, Bryndís Elfa Valdemarsdóttir, Ingvar Þóroddsson, Ingibjörg Baldursdóttir og Hilmar Ágústsson.

Formaður, Ingibjörg Baldursdóttir setur fund.

Almennar umræður voru um kynningar á starfi annarra hverfisnefnda.

Ingibjörg lagði fram uppkast af starfsreglum nefndarinnar sem fundarmenn lásu í gegnum og bættu við

Ákveðið var að nefndin semdi lög um starfsemi nefndarinnar og tók Hilmar að sér að hanna uppkast að lögum.

Einnig var ákveðið að athuga með netfang fyrir nefndina og tók Sædís að sér að athuga með það.

Rætt var um aðgengi hverfisnefnda að bæjarfulltrúum og ætlar Ingibjörg að hafa samband við aðra formenn til að skoða þau mál betur.

Ákveðið var að nefndin myndi kynna sig með fréttabréfi sem yrði sent út til allra íbúa hverfisins fyrir íbúafundinn sem halda á þriðjudaginn 16.mái nk. Fyrir fundinn ætlar hverfisnefndin að vera búin að setja sér lög sem og stefnumál og verða þau kynnt í fréttabréfinu þannig að íbúar geti komið með athugasemdir á fundinum.

Ákvörðun um gönguferðir um hverfið var frestað um tvær vikur.

Ákveðið var að halda næsta fund þann 25. apríl og ganga þá frá verkefnalista nefndarinnar sem og fréttabréfi.

Fleira var ekki gert,

Sædís Gunnarsdóttir